

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Eldisstöðin Íspór hf (Arnarlax) Þorlákshöfn Ölfusi



Dags eftirlits	11.10.2024	Abyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Eldisstöðin Íspór hf (Arnarlax)	Eftirlitsmaður	Auður Eybeg Helgadóttir
Heimili	Nesbraut 25	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660509-0380	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sverrir Valdemarsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu: Ársyfirliti var ekki skilað inn fyrir 1. maí. Því var skilað inn 8. ágúst og telst því frávikinu lokað.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlit fór fram.

Ein ábending: Töluvert af fugli var við frárænnið frá seiðaeldinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum að Nesbraut 25 í Þorlákshöfn. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 1.800 tonn.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

1. Eitt frávik kom fram í síðasta eftirliti árið 2023. Ústreymisbókhald fyrir árið 2022 hafði ekki borist Umhverfisstofnun fyrir 1. maí 2023. Bókhaldið barst þann 28. júní 2023 og telst því frávikinu lokað. Eitt eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram, ústreymisbókhald fyrir árið 2021 hafði ekki skilað sér til Umhverfisstofnunar. Ústreymisbókhaldinu var skilað 17. ágúst 2023 og telst því frávikinu lokað. Þrjár ábendingar voru gerðar í síðasta eftirliti, að senda skuli Umhverfisstofnun uppfærðan lista yfir olúgeyma á starfssvæðinu, að senda skuli Umhverfisstofnun uppfærðar áætlanir og umsögn heilbrigðisnefndar vegna fyrirkomulags útrásar. Rekstraraðili brást við þessum athugasemdum og hafa gögn skilað sér inn til Umhverfisstofnunar.

2. Áhættumat fyrir árið 2024 var kynnt fyrir fulltrúum rekstraraðila.

3. Rekstraraðili hefur sett sér umhverfismarkmið. Ústreymisbókhaldi og grænu bókhaldi var skilað inn fyrir 1. maí sl. Fullnægjandi ársyfirliti var skilað inn þann 8. ágúst 2024, og er því um frávik að ræða. Skv gr. 4.4. í starfsleyfi skal rekstraraðili taka saman ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.

4. Framleiðsla árið 2023 var 841,1 tonn af laxaseiðum og var því framleiðslan undir leyfilegum hámarks lífmassa. Fóðurnotkun árið 2023 var 1055 tonn, fóðurstuðull er því 1,25. Útreikningar á heildarlosun fosfórs út frá fóðri var 8,7 kg P/tonn sem er undir leyfilegum mörkum samkvæmt gr. 3.4. í starfsleyfi, mörkin eru 10,0 kg P/tonn. Teknar voru sýnatökur úr frárænni við hámarks og lágmarkslífmassa. Niðurstöður á fosfór losun út frá sýnatöku sem var tekin við hámarkslífmassa reiknast 5,7 kg/P tonn.

5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar. Áætlun um meðhöndlun úrgangs er til staðar. Tryggingarskrteini vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16 gr. laga nr 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er í gildi.

6. Gengið var um útisvæðið, ýmis rör og annar búnaður sem tilheyrir fiskeldi er á svæðinu, en því er haldið snrytilega til haga með því að vera flokkað. Töluvert af fugli var við frárænnið sem kemur úr seiðahúsinu.

7. Efnageymslur eru með lekabyttum og öryggisblöð voru aðgengileg í efnageymslu, frágangur við olúgeyma er fullnægjandi.

gr 4.4 í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Umhverfisstofnun barst ársyfirlit 8. ágúst 2024 og telst því frávik lokað.

#### **ÁBENDINGAR**

Ein ábending: Töluvert af fugli var við frárennslið frá seiðaeldinu.

#### **ANNAÐ**

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 08.11.2024

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Auður Eyberg Helgadóttir